



Borgarráð

Mars RE-270 – höfnun forkaupsréttar

Óskað er eftir að borgarráð hafni að þessu sinni að nýta forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Mars RE-270, skipaskráningarnúmer 2986, skv. kaupsamningi dags. 7. október 2022.

Greinargerð:

Skipið selst án allra veiðiheimilda hverju nafni sem þær nefnast. Skipið er án aflahlutdeildar. Aflamark sem er á skipi fylgir ekki og verður áfram eign seljanda. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða á sveitarstjórn forkaupsrétt á fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Kaupverð er 70.000.000 kr. Lagt er til að borgarráð hafni að nýta að þessu sinni lögbundinn forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Mars RE-270, skipaskráningarnúmer 2986.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt: Kaupsamningur dags. 7. október 2022

KAUPSAMNINGUR UM MARS RE-270, SKIPASKRÁRNÚMER 2986

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf., kt. 410998-2629, Fiskislóð 14, 101 Reykjavík, hér eftir nefnt seljandi og Saltver ehf., kt. 500377-0389, Hafnarbakka 13, 260 Reykjanesbæ (póstfang Hrauntún 3, 230 Reykjanesbæ) hér eftir nefnt kaupandi, gera með sér eftirfarandi kaupsamning um Mars RE-270, skipaskrárnúmer 2986, í kaupsamningi þessum nefndur skipið, ásamt tilheyrandi fylgifé og búnaði eins og nánar greinir í kaupsamningi þessum:

1. Hið selda.

1.1. Mars RE-270, skipaskrárnúmer 2986.

Seljandi lofar að selja og kaupandi að kaupa skipið Mars RE-270, skipaskrárnúmer 2986, ásamt öllu fylgifé, tækjum og búnaði sem skipinu fylgir og fylgja ber og tilheyrir þ.m.t. varahlutir og verkfæri sem voru um borð við skoðun kaupanda á skipinu þann 14.9.2022, nema það sé undanskilið í kaupsamningi þessum. Þá fylgir allur búnaður sem er í landi. Undanskilin eru gögn sem snerta veiðar skipsins þ.m.t. í siglingaforriti(um) og eigur skipverja. Búnað sem kann að vera á leigu eða í eigu annarra aðila en seljanda, nema gas og súr hylki, skal seljandi kaupa og afhenda með skipinu eða afhenda sambærilegan búnað. Engin veiðarfæri eða fiskikör fylgja með í kaupunum.

Verði nauðsynlegt að nota þá varahluti sem voru um borð í skipinu við skoðun kaupanda fram að afhendingu skipsins er seljandi ekki skyldugur til að útvega nýja varahluti í þeirra stað, nema þá sem eru nauðsynlegir vegna öryggis skipsins, lögbundnir eða gerðar eru kröfur um af flokkunarfélagi skipsins eða opinberum aðilum.

Olíubirgðir sem verða um borð í skipinu við afhendingu og birgðir smurolíu og glussa aðrar en þær sem verða á kerfum skipsins fylgja ekki með í kaupunum og skal kaupandi kaupa birgðirnar og staðgreiða kaupverðið við afhendingu. Kaupverðið skal vera hið sama og „októberverð“ seljanda.

1.2. Veiðileyfi.

Skipið skal hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða við afhendingu.

1.3. Aflahlutdeild, aflamark, veiðiheimildir, aflareynsla og önnur réttindi.

Engin aflahlutdeild eða aflamark eða aðrar veiðiheimildir fylgja með í kaupunum. Seljandi mun flytja aflahlutdeild og aflamark skipsins í makríl frá því fyrir afhendingu eða síðar í samstarfi við kaupanda.

Seljandi ber ábyrgð á því að skipið hafi ekki veitt umfram veiðiheimildir við afhendingu en honum skal heimilt að nýta tegundatilfærslur vegna veiða skipsins fyrir afhendingu þannig að allar tegundir verði á núlli (en engin í mínus).

Seljandi ábyrgist að við afhendingu skipsins hafi útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir starfa í þágu útgerðar ekki brotið gegn ákvæðum laga um umgengni um nytjastofa sjávar, lögum um stjórn fiskveiða eða öðrum lögum sem hafa áhrif á útgerð skipsins s.s. þannig að áminning hafi verið veitt, skipið hafi verið verið svipt veiðileyfi, veiðieftirlitsmaður verði settur um borð á kostnað útgerðar eða álíka.

Verði skipinu eða öðrum skipum úthlutað aflahlutdeild, aflamarki, veiðileyfum eða öðrum veiðiheimildum hverju nafni sem þær kunna að nefnast innan eða utan fiskveiðilögsögu Íslands, vegna

fisktegunda sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla nú eða annars, verða þær eign seljanda enda verði slík úthlutun byggð á veiðum skipsins fyrir afhendingu eða aflahlutdeild seljanda eða annars sem tengist eign eða útgerð seljanda á skipinu.

Í tengslum við sölu skipsins verður þess farið á leit, með vísan til 3. mgr. 9. greinar laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, sbr. b. lið 2. greinar laga nr. 56/2015 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, að Fiskistofa flytji alla viðmiðun aflareynslu og annarra réttinda frá skipinu til skips sem seljandi tilgreinir.

2. Kaupverð og greiðsla þess.

Kaupverð alls hins selda er kr. 70.000.000,00 – sjöttíu milljón krónur.

Kaupverðið skal greiðast við afhendingu hins selda á reikning seljanda.

3. Afhending og ástand hins selda.

Hið selda skal afhent í Reykjavíkurhöfn að lokinni slíptöku skipsins og þess sem seljanda ber að framkvæma fyrir afhendingu sbr. ákvæði kaupsamnings þessa. Áætlaður afhendingartími 21. október 2022. Dragist afhending skipsins vegna þess sem seljanda ber að framkvæma fyrir afhendingu telst það ekki afhendingardráttur enda verði drátturinn af óviðráðanlegum orsökum. Þó skal kaupanda heimilt að rifta kaupunum dragist afhending lengur en til 1.1. 2023.

Hið selda skal afhent í sambærilegu ástandi og það var í við skoðun fulltrúa kaupanda þann 14.9.2022 að teknu tilliti til eðlilegs slits vegna notkunar frá þeim tíma og þess sem fram kemur í kaupsamningi þessum. Kaupanda er kunnugt um notkun skipsins, þ.m.t. heildar keyrslutíma aðalvélar og keyrslutíma frá síðustu upptekt og keyrslutíma ljósavéla. Fram að afhendingu skal seljandi halda skipinu vel við.

Fyrir afhendingu skal skipið og allur búnaður þess, nema línubeitningarvél skipsins ásamt tilheyrandi, prófaður m.a. með reynslusiglingu. Sá búnaður sem prófaður verður er m.a. en ekki eingöngu, aðalvél, gír, skrífa, stýri, ljósavélar og rafalar, spilbúnaður, dælur, krani, öll kerfi skipsins, búnaður á vinnsludekki, ískrapavél og tengdur búnaður og tæki í brú og vera í lagi að teknu tilliti til aldurs og notkunar. Fulltrúar seljanda og kaupanda skulu vera viðstaddir prófanirnar. Seljandi skal á sinn kostnað láta lagfæra það sem kann að reynast ábótavant.

Samkvæmt útskrift af vef frá Samgöngustofu (SGS) dags. 23.9.2022 sem liggur fyrir við gerð kaupsamnings þessa var gildistími síðustu búnaðarskoðunar skipsins til 4.5.2021 og haffærissskírteini skipsins gildi til 8.12.2020. Í tengslum við afhendingu skipsins skal seljandi láta fara fram búnaðarskoðun á sinn kostnað og fá útgefið athugasemdalaust haffærissskírteini fyrir skipið til 12 mánaða eða þar um bil. Í því skyni skal seljandi láta framkvæma þær skoðanir sem SGS gerir kröfu um en einnig skal framkvæma þykktarmælingu á skipinu en síðasta þykktarmæling gildir til 8.12.2022 skv. útskrift SGS. Þá skal framkvæma kranaskoðun sem samkvæmt upplýsingum SGS gildi til 6.5.2021.

Við gerð kaupsamnings þessa liggur fyrir útskrift frá flokkunarfélagi skipsins um stöðu skoðana og athugasemda, „Class Status Report“, dags. 22.09.2022 sem kaupandi hefur kynnt sér.

Við afhendingu skipsins skal það hafa athugasemdalaust haffæri, öll skírteini og skoðanir opinberra aðila og flokkunarfélags skipsins skulu vera gild og engar kröfur til úrbóta vera af hálfu opinberra aðila eða flokkunarfélags þess, en minnisatriði fyrir eiganda frá flokkunarfélaginu (Memoranda for Owners) eru þar ekki meðtalin. Þá skal ekkert varðandi ástand skipsins vera með þeim hætti að væri það tilkynnt opinberum aðilum eða flokkunarfélagi þess þá myndi það leiða til þess að kröfur til úrbóta yrðu gerðar af hálfu þessara aðila eins eða fleiri.

Fyrir afhendingu skal seljandi láta fara fram á sinn kostnað eftirfarandi skoðanir af hálfu flokkunarfélagsins og fá þau skírteini sem þeim skoðunum tilheyra endurnýjuð

Class surveys

Survey description	Code	Last survey	Location	Next survey (from,to)	Status
Main class renewal	MC.R	2018-05-25	Reykjavík	2023-01-31, 2023-04-30	
Main class annual	MC.A	2021-10-12	Reykjavík	2022-01-31, 2022-07-31	
Hull items	HS.Sa	2021-10-12	Reykjavík		
Machinery items	MS.Sa	2018-05-25	Reykjavík		
Bottom complete survey (Last: Out Of Water)	BOT.C	2017-12-08	Reykjavík	2020-12-08, 2021-10-30 Postponed: 2021-10-30	
Propeller shaft arrangement oil Lubricated (Last: Full Scope)	CPRPSO	2014-11-20	Nuuk	2019-02-20, 2021-10-30 Postponed: 2021-10-30	
Propeller shaft – propeller connection, Flanged	CPRPCN	2005-11-01		2020-02-01, 2021-10-30 Postponed: 2021-10-30	
Laid-up vessel annual	LAIUP.A	skal felld út.			

Statutory surveys

Survey description	Code	Last survey	Location	Next survey (from,to)	Status
Fishing vessel safety equipm. renewal	FVSCE.R		Reykjavík	2023-01-31, 2023-04-30	
Oil pollution prevention, type A renewal	OPP-A.R	2018-05-25	Reykjavík	2023-01-31, 2023-04-30	
Oil pollution prevention, type A annual	OPP-A.A	2021-10-12	Reykjavík	2022-01-31, 2022-07-31	
Sewage pollution prevention renewal survey	SPP.R	2018-05-25	Reykjavík	2023-01-31, 2023-04-30	
Air pollution prevention renewal	IAPP.R	2018-05-25	Reykjavík	2023-01-31, 2023-04-30	
Air pollution prevention annual	IAPP.A	2021-10-12	Reykjavík	2022-01-31, 2022-07-31	

og láta lagfæra það sem krafa kann að verða gerð um af flokkunarfélaginu. Kaupanda er ljóst að upphaf gildistíma skoðanna og skírteinanna verður við útgáfu skírteinanna.

Aðilum er ljóst að við skoðanir flokkunarfélagsins verður skipið m.a. þykktarmælt, tankar skoðaðir skv. reglum flokkunarfélagsins, botn- og síðulokaðir teknir upp og akkeriskeðjur mældar, allt á kostnað seljanda en einnig skal seljandi á sinn kostnað láta endurnýja öll skink á bol og búnaði skipsins og láta háþrýstipvo skipið „undir sjólinu“ og botnmála það á hefðbundinn hátt þannig að dugi til a.m.k. tveggja ára.

Við slíptöku skipsins hefur kaupandi heimild til að láta háþrýstipvo og mála skipið þ.m.t. síður og annað að utanverðu og innan s.s. gólf vinnslupílars og framkvæma aðrar endurbætur á sinn kostnað. Kaupandi skal einnig greiða fyrir þann tíma sem vera skipsins í slipp kann að lengjast vegna þeirra verka sem hann lætur framkvæma.

Við afhendingu skal skipið hafa gilt og athugasemdalaust loftmengunarvarnarskírteini fyrir vélar skipsins.

Fyrir afhendingu skal skipið þrifið, þ.e. vélarrúm og tengd rými, lest, millidekk, vistarverur og sameiginleg rými, eldhús og brú.

Sá búnaður sem kann að vera um borð í skipinu og ekki er notaður enda varði hann ekki kröfur stjórnvalda eða flokkunarfélags skipsins verður ekki lagfærður þó að hann reynist í ólagi. Sama gildir um búnað til línuveiða sem er staðsettur í lest skipsins.

Kaupanda er kunnugt um að skipið landaði síðast afla 16.09.2019 og hefur legið við bryggju frá þeim tíma. Fyrirsvarsmönnum kaupanda, sem er fyrirtæki sem hefur stundað útgerð til margra ára, er ljóst að það er óheppilegt fyrir skip og vélbúnað skipa að liggja þetta lengi við bryggju án notkunar og að því megi búast við að ýmskonar veigaminni bilanir komi fram við byrjun reksturs skipsins, sem rekja megi til þessa, þrátt fyrir að umsamdar skoðanir og lagfæringar seljanda hafi verið framkvæmdar og samþykktar af þar til bærur aðilum fyrir afhendingu. Aðilar eru sammála um að seljandi ber ekki ábyrgð á viðgerðum á slíkum bilunum og hefur verið tekið tillit til þess við ákvörðun kaupverðs skipsins til lækunar.

Farist skipið fyrir afhendingu eða verði skipið fyrir tjóni sem að mati váttryggingarfélags þess nemur hærri fjárhæð en kaupverðinu falla kaup samkvæmt kaupsamningi þessum niður án þess að aðilarnir eigi nokkra kröfu hvor á annan. Váttryggingarbætur renna til seljanda.

Þar sem skipið mun ekki stunda veiðar fram að afhendingu þess til kaupanda mun seljandi leitast við að útvega einn til tvo menn sem þekkja skipið, á sinn kostnað, til að aðstoða áhöfn kaupanda við að kynna sér skipið og búnað þess þegar útgerð kaupanda á skipinu hefst.

4. Arður – gjöld.

Kaupandi hirðir arð af skipinu frá afhendingardegi og greiðir af því skatta og skyldur frá þeim tíma. Uppgjör vegna þeirra gjalda sem skiptast hlutfallslega milli aðila s.s. skipa- og vitagjalda og gjalds vegna sjálfvirkra tilkynningaskyldu, skal fara fram við afhendingu. Seljandi greiðir váttryggingariðgjöld fram að afhendingu. Kaupandi greiðir kostnað vegna þinglýsingar þeirra skjala sem gefin verða út í tengslum við kaupin og skráningu skipsins á hans nafn.

5. Ráðningarsamningar.

Kaupandi yfirtekur engar skyldur seljanda við áhöfn skipsins. Seljandi skal halda kaupanda skaðlausum af öllum kröfum sem kunna að koma fram af hálfu áhafnar skipsins.

6. Afsal.

Afsal skal gefið út þegar aðilar hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi þessum.

7. Forkaupsréttur.

Reykjavíkurborg skal boðinn forkaupsréttur samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og er sala skipsins til kaupanda háð þeirri forsendu að borgin neyti ekki forkaupsréttar.

8. Veðbönd - sjóveð – lögveð.

Við gerð kaupsamnings þessa liggur frammi veðbókarvottorð dags. 5.10.2022. Á skipinu hvílir tryggingarbréf útgefið 2.7.2019 til Landsbankans hf. að fjárhæð EUR 52.400.000 sem seljandi skal fá aflýst fyrir afhendingu. Seljandi ábyrgist greiðslu allra sjó- og lögveðkrafna sem stofnast fyrir afhendingu.

9. Nafn og umdæmisnúmer.

Í tengslum við afhendingu skipsins skal skipt um nafn og umdæmisnúmer á því á kostnað kaupanda.

Reykjavík 7.10.2022

f.h. Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. e.u.


Runólfur Viðar Guðmundsson




f.h. Saltvers ehf. e.u.


Þorsteinn Erlingsson

Vottur að rétttri dagsetningu, undirritun og fjárræði:


Friðrik J. Arngrímsson löggiltur skipasali


kt. 010359-2529

Fylgiskjöl:

Söluyfirlit.

Class Status Report frá DNV dags. 22.9.2022.

Heildarlisti skoðana, útskrift frá 23.9.2022.

Veðbókarvottorð dags. 5.10.2022.